

## Skapandi lokaverkefni 2016



### Höfundar:

**Bryndís María Olsen**  
**Jóhanna Ómarsdóttir**  
**Karen Óskarsdóttir**  
**María Rós Valgeirsdóttir**  
**Steinunn Elísabet Benedikstdóttir**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

## Skuggaleikhús – miðstig

Viðfangsefni / Námsgreinar	Námsefni / Námsgögn	Hæfniviðmið	Afurð / Námsmat	Tengsl við grunnþætti og lykilhæfni
<p>Meginviðfangsefnið er hópavinna þar sem nemendur semja verk út frá sögu eða ævintýri og nýti sér heim skuggaleikhússins til að koma henni á framfæri. Nemendur vinna að myndverki og upplýsingaöflun tengda því.</p> <p>Samþættar námsgreinar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Leiklist</li> <li>○ Tónlist</li> <li>○ Íslenska</li> <li>○ Myndmennt</li> <li>○ Samfélagsfræði</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ LED ljós</li> <li>○ Myndvarpar</li> <li>○ Tjald fyrir myndvarpa</li> <li>○ Líkaminn</li> <li>○ Pappi, skæri, málingarteip, lím, nylon bönd, heftarar, ýmislegt sem hægt er að líma á, laufblöð, fjaðrir, glæsur, sælgætisbréf, tússpennar, gömul föt, hattar, slæður, snæri, rör, prik o.fl.</li> </ul>	<p><b>Nemandi getur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.</li> <li>○ tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áhorfenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.</li> <li>○ skapað verk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.</li> <li>○ tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi.</li> <li>○ samið texta frá eigin brjósti.</li> <li>○ tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum sínum tillitssemi.</li> <li>○ sett saman einfaldan leikþátt í samstarfi við jafningja og kennara.</li> <li>○ notað einfalda leikmuni til að styðja við sköpun sína.</li> <li>○ tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.</li> </ul> <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 101-228)</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Afurð er skuggaleikhússýning sem tekin er upp á myndband.</li> </ul> <p>Námsmat er í formi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Kennaramat, þar sem metin er virkni nemenda, sjálfstæði, og frumlegheit verkefnis 50%</li> <li>○ Sjálfsmat 50% (sjá fylgiskjal 3)</li> </ul>	<p><b>Grunnþættir</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Læsi</li> <li>○ Sköpun</li> </ul> <p><b>Lykilhæfni</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Tjáning og miðlun</li> <li>○ Sjálfstæði og samvinna</li> <li>○ Ábyrgð og mat á eigin námi</li> <li>○ Nýting miðla og upplýsinga</li> <li>○ Skapandi og gagnrýnin hugsun</li> </ul> <p>(Aðalnámskrá grunnskóla, 2013, bls. 87-95)</p>

## Nánari útlistun á kennsluáætluninni „Skuggaleikhús“.

Þetta samþætta verkefni hentar vel til samstarfs fyrir til dæmis umsjónarkennara, myndmenntakennara, leiklistarkennara og tónlistarkennara.

Skuggaleikhús er verkefni sem reynir á sköpun og samvinnu nemanda. Markmið er að prufa sig áfram í notkun skugga, vinna með breytileika ljóssins, æfa framsögn og gera nemendur meðvitaða um hvernig má nýta líkama sinn og alls konar efnivið sem maður finnur í kringum sig til að búa til allskyns furðuverur. Nemendur fá einnig æfingu í að koma fram og auðvelt er að vinna með styrkleika hvers og eins vegna þess hve fjölbreytt verkefnið er. Til dæmis ef einhver nemandi er sterkur í myndmennt getur hann séð um að klippa eða skera út persónur í sögunni og ef nemandi er sterkur í tónlist fær hann að sjá um tónlistina í verkinu. Í verkefni sem þessu er auðvelt að breyta um þema og vinna jafnvel með ádeilur og það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni eða er nemendum ofarlega í huga.

Áherslurnar eru að nemendur prófi sig áfram í leik með skugga, nýti sér þann efnivið sem til er og að styrkleikar hvers og eins fái að blómstra.

**Kveikjan** að verkefninu eru þau ótal myndbönd sem til eru af skuggaleikhúsum. Gott dæmi er Lífið – Drullumall eftir 10fingur sem er skemmtilegt íslenskt verk sem sýnt var í Tjarnarbíó árið 2015 Linkur á verkið: <https://www.youtube.com/watch?v=G2Z3WKQhgAQ> (sjá fleiri myndbönd í fylgiskjali 1).

**Innlögn** verður sýnikennsla þar sem byrjað er á því að sýna nemendum hvernig má nota skugga á mismunandi hátt (sjá fylgiskjal 1 og 2). Kennslan er nemendamiðuð og fá nemendur að mestu að ráða hvernig þeir vinna ferlið með aðstoð kennara.

**Sköpunarþáttur** verkefnisins er að nemendur hafa frjálssar hendur í vali á umfjöllunarefni, efnivið og uppfærslu verksins. Í verkefninu er mikið unnið með sköpun og verklega þætti. Mikilvægt er að allir nemendur fái verkefni og verður kennari að vera í stakk búinn að aðstoða nemendur ef upp koma vandamál.

**Skipulag og tímarammi** verkefnisins er mjög opinn. Áætla má að verkefnið taki að minnsta kosti 8 kennslustundir (miðað við 40 mín kennslustund) en gæti tekið lengri tíma.

### 1. kennslustund - Prufa sig áfram með skugga

Kveikja, sýning á myndbandi og jafnvel stuttar umræður um skuggaleikhús (sjá fylgiskjal 2). Gott er að leyfa nemendum að prófa að leika sér með ljósin og skugga.

#### **2-4. kennslustund – Hvaða saga, hvaða efniviður?**

Nemendur koma sér saman um sögu með því að kasta fram hugmyndum og kennari tekur þátt í umræðunni og hjálpar til ef þarf. Dæmi um sögur sem hægt er að nota eru Prinsessan á bauninni, Mjallhvít og dvergarnir sjö, Rauðhetta og Úlfurinn, Búkolla og Gilitrutt. Eftir að búið er að ákveða hvaða sögu á að nota er sniðugt að lesa hana yfir og rýna vel í smáatriði, byrjun hennar, miðju og enda. Nemendur byrja síðan að búa til handrit út frá sögunni. Skipa þarf í hlutverk og ákveða hver sér um hvað í verkinu. Dæmi um hlutverk eru: ljósamenn, hjómsveit/tónlistarstjórar, búningahönnuðir, hönnuðir leikmyndar og svo framvegis. Mikilvægt er að allir séu með á hreinu hvert þeirra hlutverk er því oft þarf að slökkva og kveikja ljós, breyta skuggum og umhverfi leikhússins. Þetta þarf allt að vera vel æft og tímastillt.

#### **4-7. kennslustund**

Nemendur halda áfram með verk sín. Mikilvægt er að þeir fái nægan tíma til að æfa sig og prófa sig áfram og að kennarar séu til staðar til að aðstoða. Þessi tími fer oft í það að skera út alls konar figúrur og er því mikilvægt að nemendurnir séu meðvitaðir um hvaða reglur gilda til dæmis um notkun hnífa og skæra. Gott er að hafa í huga að þessi vinna getur tekið lengri tíma en áætlað er í upphafi.

#### **8. kennslustund – Sýning**

Nemendur sýna verk sín fyrir samnemendur sína eða foreldra og forráðamenn. Skemmtilegt getur verið að sýna afurðina á einhverskonar bekkjar- eða skólaskemmtunum.

#### **Heimildir:**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Höfundur.

## **Fylgiskjal 1 - tenglar á myndskaið af skuggamyndum:**

### **Cirque du soleil:**

<https://www.youtube.com/watch?v=rPu-Dmq39rk>

<https://www.youtube.com/watch?v=OWttwfrwaUo>

### **Lotte Reiniger** - stopmotion myndir, skuggamyndir gerðar með pappa:

The art of Lotte Reiniger - <https://www.youtube.com/watch?v=LvU55CUw5Ck>

### **Prince Ahmed:**

<https://www.youtube.com/watch?v=B8w4nrIG4aU>

### **Papageno:**

<https://www.youtube.com/watch?v=zCR-GFKmMGU&ebc=ANyPxKrq7fS2MjWeWObkvgX00UTIVnveEhRgO8gTRj0elC5PgDWGuzrsJjtQrz67J6>

### **Michel Ocelot:**

<https://www.youtube.com/watch?v=VERnkQgCleY>

### **Théâtre des ombres:**

<https://www.youtube.com/watch?v=mnfuyH2bfPE>

### **Skrímlið litla systir mín:**

<https://www.youtube.com/watch?v=iyk3tF3SPz8>

Myndlistamenn hafa líka notað skugga í verkum sínum

### **Christian Boltanski:**

<https://www.youtube.com/watch?v=TDrFplT3Nug>

## Fylgiskjal 2 – Um skuggaleikhús:

Skuggar eru með elstu tjáningaformum okkar manna og finnst börnum skuggar mjög heillandi. Skuggaleikhús á rætur sínar að rekja til Kína þar sem borin var mikil virðing fyrir Skuggaleikhúsum og hefur það haft mikil áhrif á þróun leikhúsa þar. Hefðin varðveittist í kynslóð fram að kynslóð og en í dag njóta brúðuleikarar mikillar virðingar. Skuggaleikhús eru einnig vinsæl í öðrum Asíulöndum. Í Tælandi eru skuggaleikhús til dæmis notuð til að segja frá goðunum og þeirra afrekum, ástinni og bardögum. Það sama gildir á Indlandi og fleiri löndum. Trúboðar sem ferðuðust til Asíu tóku svo leikhúslistina þar sem hún var þó notuð öðruvísi. Þar varð leikhúslistin fljótt staðurinn þar sem mögulegt var að gera grín af þeim sem réðu, stjórnálamönnum, kóngum og prestum. Allir gátu verið gagnrýndir og auðvelt var að fela sig á bakvið ímyndaða persónu.



Brúðuleikarar voru alltaf á ferðinni var því ekki hægt að vera með stórar leikmyndir og voru búningarnir því mjög skrautlegir til að vega upp á móti einföldum bakgrunninum. Innblástur búninganna kom frá fötum keisarans. Þar sem sviðið var mínímalískt, varð til leikhús sem byggði á táknum í hreyfingum. Að veifa á einhvern ákveðinn hátt gat táknað sléttur, en að benda í aðra átt gat sýnt að maður var að opna hurð. Skuggabruðurnar voru búnar til úr buffalóskinni sem var meðhöndlað með olíu og síðan útskorin og að lokum máluð.

Það getur tekur mörg ár að ná góðri stjórn á brúðu og krefst það mikillar æfingar. Bruðurnar geta hreyft sig á yndislega fágaðan hátt, ef um til dæmis frú er að ræða á meðan bardagamenn geta farið í heljastökk og notað sverð sem minnir okkur á að bardagalistin er nán leiklistinni í Kína. Bruðurnar þurfa ekki að vera flóknar til að þær skili sínu og það getur til dæmis verið auðvelt að láta eins og þær skipti um lögun og stækki og minnki án fyrirhafnar.



Best er að leyfa nemendum að gera fyrst tilraunir sjálf og svo getur maður verið leiðandi ef manni finnst þurfa, svo sem: Nú er skugginn þinn rísa stór, áðan var hann minni, hvernig gastu það? Þá fer barnið að leita svara. Þá er hægt að fara í leiki þar sem einn er stór og hinn er lítill. Krakkarnir geta blandað skuggunum sínum saman og búið til furðuverur. Gaman er að hafa mismunandi litaðar glærur og nota tvo lampa. Ef maður notar myndvarpa þá bætast við fleiri möguleikar en er þó ekki nauðsynlegt. Hefbundnar glærur virka líka, í bland við annað.

### Fylgiskjal 3 – Dæmi um sjálfsmat:

	Alltaf	Ofast	Stundum	Sjaldan	Aldrei
Hópurinn vann vel saman					
Ég tók virkan þátt í verkefninu					
Ég hlustaði á það sem aðrir lögðu til málanna					
Ég sýndi verkefninu áhuga					
Hópurinn hlustaði á það sem ég hafði að segja					